



Ástarbrall, 1986. 250x145cm.



Sókn, 1987. 200x140cm.

í kjölfarið, með misjöfnum árangri. Myndirnar voru iðandi af fjöri og krafti; þróttmiklar, tjáningaríkar og oft grófar bæði að gerð og innihaldi; stundum *abstrakt* og *fígúratífar* í senn; umfram allt *expressjónískar* enda hefur þessi bylgja verið nefnd *ný-expressjónismi*. Hún var engin ný uppfinning á Íslandi; sama hafði gerst nokkrum árum áður bæði í Evrópu og Ameríku og alls staðar var svipað upp á teningnum; menn voru dauðfegnir að varpa af sér þrúgandi hug-



Vökudraumur, 1985. 111x124cm.

myndafræðilegu oki *konseptsins* — enda eru myndlistarmenn litlir hugmyndafræðingar — og fögnuðu nýfengnu frelsi með ærslum og kátínu. Hvergi birtist það betur en í listahátíðinni Gullströndin andar árið 1983. Kristján og fleiri ungar listaspírur höfðu fengið sér vinnustofur í Jötunshúsinu við hlið JL-hússins og hugmyndin kviknaði í samræðum þeirra. Gullströndin andaði svo sannarlega fersku og heilnæmu lofti inn í listalíf höfuðborgarinnar þá viku sem hátíðin stóð og alla vega listamenn tróðu upp. Ekki löngu eftir að henni lauk þótti Kristjáni svo kominn tími til að taka saman pjönkur sínar í Jötunshúsinu og halda utan til frekara náms.

„Ég valdi að fara til Þýskalands aðallega vegna þess að þar var þetta „nýja málverk" í hvað mestum blóma og reyndar má segja að það hafi verið upprunnið þar — og kannski á Ítalíu. Í Hamborg bauðst mér mjög góður prófessor, Bernd Koberling, en honum hafði ég kynnst á Íslandi; hann hefur komið oft hingað til lands og mikið fengist við íslenska náttúru í verkum sínum. Námið í Hamborg fólst, eins og oftast er um myndlistarnám á háskólastigi, einkum í því að ég fékk vinnuaðstöðu, uppörvun og félagsskap en hafði svo algert frelsi til að mála það sem mér sýndist. Koberling kom reglulega frá Berlín, þar sem hann er búsettur, og við ræddum um verk mín; hann setti fram sína skoðun og ég sagði honum hvað ég væri að reyna að gera. Þetta var allt saman mjög gagnlegt en skólinn kenndi mér kannski ekki síst að listin er vinna. Hin svokallaða náðargáfa eða snilld felst aðallega í vinnunni sem skapast þegar saman koma þörf og þekking og skóli getur aldrei alið af sér skapandi list, það liggur í hlutarins eðli. Ég vona hins vegar að mér hafi tekist að brjóta til mergjar það sem skólinn hafði upp á að bjóða, þannig að eftir sitji einhver þekking. Frelsi til sköpunar öðlast sá einn sem kann að hrista hana saman við innri þörf sína, eins og ég var að segja, en lætur menntunina ekki verða sér hurðarás um öxl. Ég veit að skólaganga hentar ekki öllum en ég var mjög ánægður með dvölina í Hamborg og held að hún hafi nýst mér vel. Hamborg er líka mjög þægileg borg og þar var afskaplega gott að vera."

Landslag hefði þótt lítils virði í nýlistadeild

— Tóku verkin þín á námsárunum miklum breytingum frá því sem þú hafðir verið að fást við hér heima?

„Að vissu leyti, já. Þegar ég kom út til Þýskalands hafði þessi *ný-expressjónismi* verið við lýði þar í tæpan áratug og þýskir málarar voru að verða búnir að nýta flestalla möguleika hans, að minnsta kosti eins og þeir birtust í þröngum skilningi. Þótt ég hafi alltaf verið opinn fyrir áhrifum úr öllum áttum er ég lítið gefinn fyrir að apa hugsunarlaust eftir öðrum og þess vegna fannst mér ég verða að byrja að vissu leyti upp á nýtt; ég varð að finna mér minn eigin farveg innan listarinnar. Meðal annars í þeim tilgangi fór ég að mála landslag sem hefði líklega þótt alveg botninn í nýlistadeildinni á sínum tíma! En náttúran hefur alltaf verið mér ofarlega í huga og landslagið kom mér að góðu gagni á þessum tíma. Það má minna á að ég var alls ekki einn um það af myndlistarmönnum af minni kynslóð sem fór að mála landslag — sama gerðu ýmsir fleiri. Ég hugsa að landslagsverkin okkar hafi verið öllu *expressjónískari* en fyrri landslagsmálverk, vegna okkar fortíðar, en ætli hafi samt ekki eitthvað svipað vakað fyrir bestu landslagsmálurum hér áður fyrr og okkur ungu mönnunum. Reyndar stóð þessi *landslagsperíóða* hjá mér ekki mjög lengi í þetta sinn, ég sýndi aðallega landslagsverk á samsýningunni á Kjarvalsstöðum '84 en síðan sneri ég mér að öðrum hlutum. Ég er hins vegar viss um að ég á eftir að fara aftur út í landslagið með einum eða öðrum hætti seinna meir."

Landslagið sem Kristján málaði voru aðallega svört drungaleg fjöll, jökulhellar og klakahröngl; hann fór meðal annars upp í Kverkfjöll til að leita sér að innblæstri. En svo sneri hann sem sé við blaðinu; alls konar fígúrur og tákn og minni skutu upp kollinum í myndunum; bakgrunnurinn var í fyrstu kannski ólögulegt vélahrúgald en varð síðan æ óhlutbundnari.

„Ég heyri því oft fleygt," segir hann, „að allt sé leyfilegt í listum á okkar tímum. Vissulega eru möguleikarnir fleiri nú en oft áður en frelsið er vandmeðfarið. Að skapa list er jafn vandasamt og endranær því við erum sífellt að bæta við þekkingu okkar og gildismatið breytist þar af leiðandi líka. Aukin þekking endurnýjar þörfina fyrir nýjar hugmyndir og nýja list. Annars myndu gömlu meistararnir duga okkur enn þann dag í dag. Því þurfa listamenn stöðugt að vera að endurskoða sig og endurmeta stöðu sína og þetta á reyndar við um alla sem fást við listir, þar með talda gagnrýnendur. Ella er hætta á að menn séu alltaf að heimfæra sömu gömlu tugguna upp á allt og alla. Að vísu er ekkert nýtt undir sólinni en það er þó mismunandi skýjafar."

Að klæða af sér kuldann

— Og hvernig er veðrið núna?

„Það er norðangarri! Í myndunum mínum er ég að reyna að klæða af mér kuldann. Þessar myndir eru með ýmsum hætti tengdar íslensku þjóðlífi, sér í lagi eins og það var áður fyrr þegar sjómennskan var allsráðandi. Ég nota mikið ýmis minni úr sjómennsku og raða þeim saman á alla þá vegu sem mér finnst henta en vil taka það fram að ég er alls ekki að segja sögur í þessum myndum. Sumir hafa þóst sjá áhrif frá *súrrealisma* í myndunum mínum en undir það get ég ómögulega tekið þótt ég geri mér að vísu grein fyrir því af hverju menn láta sér detta það í hug. Annars ætla ég ekki að reyna að skilgreina sjálfan mig; það er hlutverk annarra. Ég held bara þessa sýningu og vona að fólk hafi eitthvað upp úr því að glíma við verkin. Hún er ákveðin niðurstaða og um leið uppgjör við tiltekið tímabil í lífi mínu. Ég hef árum saman leitað lausna á sjónrænum vandamálum og verið að byggja mig upp til frekari átaka; ég ætla ekki að reyna að halda því fram að hún lýsi einhverjum voðalegum þroska — það væri óheiðarleiki — en hún sýnir þó þroskaferil minn síðustu þrjú árin eða svo. Ég er rétt að byrja!"

GUÐMUNDUR DANÍELSSON

Endalok

Hvað getur orðið skáldi skelfilegra
en skilja ekki að það er hætt að lifa
og þjóðin veit, að það er loksins dautt?

Sjá má þó ennþá skugga þess að skrifa,
skrjáfar penni á blaði, en húsið autt
og yfirgefið, hrörlegt, snjáð og snautt.

Afvelta liggur út við rúðu fluga
í andaslitrum, fætur krepptir tifa.
Umferðarljósið týrir rökkur-rautt.

Það græna er löngu slokknað
og kviknar ekki framar.
Í regnið starir blint og kalt og blautt.

Höfundurinn er þjóðkunnur rithöfundur og býr á Selfossi.

JÓHANN ÁRELÍUZ

Samhljómur tíðarandans

— brot —

I
mig knýr þörf og þrá
að brenna ljóð
á tungu þjóðarinnar,
slá samhljóm tíðarandans: streng
í hörpu Íslands
og jarðar gervallrar,
flæða grænum angandi tónum
um augu og eyru samlandans:
ó lífsins blóm og brum!

II
ég
hold og blóð
flugfiskur
gangandi andi
sem deyr aldrei
blóð mitt brjálað og heitt
heilinn sviflétt eyja
á svölu vatni heilabúsins
ég

III
jökulkaldur var febrúar
og blár á ís
fiskur á disk
ís-land
og vertíð minninganna . . .
ég tendra tón öldunnar
án fiskimiða
óralangt inni
í grænni skelinni
langferðir strandir og djúp

IV
hér er dagur fagur
og blágrár tónn
inni í mér klukka
feit og gul
samhljómur tíðarandans
hjartað æðasláttur
blóð mitt brjálað
og heitt . . .

Höfundurinn er frá Akureyri en býr í Svíþjóð. Ljóðið er úr nýrri ljóðabók hans, Söngleik fyrir fiska, en áður gaf hann út ljóðabók 1983.